

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

17. janúar 2022

Efni: Umsögn um 15. mál á 152. löggjafarþingi 2021-2022 (Velferð dýra).

Undirrituð styðja framgang málsins á yfirstandandi löggjafarþingi og mæla með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Í öðrum umsögnum um málið hefur komið fram með sannfærandi hætti að blóðmerahald á Íslandi brjóti gegn góðum viðmiðum um velferð dýra. Því til viðbótar hvetjum við þingmenn til að horfa á málið út frá sjónarhóli siðfræðinnar. Siðferðilega spurningin sem löggjafinn stendur frammi fyrir er eftirfarandi:

Er yfirhöfuð réttlætanlegt að halda vitiborin dýr, sem sýna óyggjandi tilfinningaviðbrögð við atvikum og aðstæðum í lífi sínu, í þeim tilgangi að taka þeim reglulega blóð til að vinna úr því hormón sem sprautað er í blóðrás annarra vitiborinna tilfinningavera, svo að frjósemi síðarnefndu dýranna henti mannum betur?

Þessari spurningu hefur öll heimsbyggðin svarað neitandi að undanskildum örfáum ríkjum, þ. á m. Íslandi, þar sem blóðmerahald fer fram á grundvelli sjónarmiða sem lýst er í öðrum umsögnum um málið, einkum efnahagslegra. Spurningin verður því einkum hvort þau sjónarmið réttlæti að víkja frá þeirri siðferðilegu niðurstöðu að blóðmerahald eigi ekki rétt á sér. Að okkar dómi er samfélagslegur ábati þess að viðhalda ástandinu engan veginn nægjanlegur til að réttlæta þá breytni sem hér ræðir.

Alþingismenn hafa hér tækifæri til að leiðrétta ástand sem aldrei hefði átt að koma á. Samþykkt frumvarpsins myndi tryggja að Ísland verði réttu megin við strikið þegar siðferðileg breytni okkar og framkoma í garð lífvera, sem upplifa tilfinningar en geta ekki lýst þeim, verður metin í framtíðinni.

Oddur Þorri Viðarsson, lögfræðingur
Tanja Elín Sigurgrímsdóttir, læknir